



KPMG ehf.
Borgartún 27
105 Reykjavík

Sími 545 6000
Fax 545 6001
Veffang www.kpmg.is

Til stjórnar:

Solid Clouds hf.
kt. 600913-2550
Vegmúla 2
108 Reykjavík

Reykjavík, 25. mars 2026.

Efni: Yfirlýsing endurskoðanda, sbr. c-lið 2. mgr. 33. gr., 2. ml. 2. mgr. 47. gr. og 1. ml. 2. mgr. 51. gr. laga nr. 2/1995, um hlutafélög:

Stjórn Solid Clouds hf. hefur lagt fram skýrslu í samræmi við b-lið 2. mgr. 33. gr. laga nr. 2/1995, um hlutafélög. Skýrslan er samin samhliða tillögu sem stjórn félagsins hyggst leggja fram á hluthafafundi sem áætlað er að halda þann 1. apríl næstkomandi. Tillaga stjórnar miðar að því að hlutafé félagsins verði lækkað um kr. 573.635.114 að nafnverði til jöfnunar á tapi sem myndast hefur í rekstri félagsins undanfarin ár á grundvelli 1. tl. 2. mgr. 51. gr. laga nr. 2/1995 um hlutafélög. Þá mun stjórn leggja til að félagið taki lán gegn útgáfu breytanlegra skuldabréfa í samræmi við 47. gr. laga um hlutafélög, nr. 2/1995, samtals að fjárhæð allt að 400 milljónir króna í þremur áföngum, á grundvelli áskriftarsamnings við kröfuhafa.

Skýrsla stjórnar inniheldur lýsingu á helstu þáttum í starfsemi félagsins það sem af er af árinu 2026 sem verulega máli skipta um fjárhagslega stöðu og rekstur félagsins.

Undirritaður endurskoðandi hefur yfirfarið fyrirliggjandi skýrslu og lýsir því hér með yfir að mér er ekki kunnugt um annað en að skýrslan sé rétt, að teknu tilliti til þeirra upplýsinga sem fyrir liggja.

Virðingarfyllt,

KPMG ehf.

Hlynur Sigurðsson, endurskoðandi.